

ENDURRIT ÚR FUNDARGERÐABÓK BÆJARSTJÓRNAR ÁRBORGAR

46. fundur bæjarstjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2010-2014, haldinn miðvikudaginn 30. október 2013 kl. 17:00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi.

Neðanskráðir bæjarfulltrúar eru mættir:

Ari Björn Thorarensen, D-lista, forseti bæjarstjórnar,
Eypór Arnalds, D-lista,
Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista,
Gunnar Egilsson, D-lista,
Kjartan Björnsson, D-lista,
Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista,
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista,
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista,
Þórdís Eygló Sigurðardóttir, V-lista.

Auk þess situr fundinn Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Rósa Sif Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn.

Dagskrá:

I. Fundargerðir til staðfestingar

- | | | | |
|----|---|------------|-------------------|
| 1. | a) 1301010 | | |
| | Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar | 39. fundur | frá 10. september |
| | b) 1301011 | | |
| | Fundargerð íþróttá- og menningarnefndar | 9. fundur | frá 11. september |
| | c) 1301009 | | |
| | Fundargerð fræðslunefndar | 36. fundur | frá 12. september |
| | d) 152. fundur bæjarráðs (1301006) | | frá 19. september |

Úr fundargerð íþróttá- og menningarnefndar, til afgreiðslu:

- liður 2, málsnr. 1308071 – Heimsókn Eypórs Inga í leik- og grunnskóla Árborgar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun að fjárhæð kr. 250.000 vegna verkefnisins.

Úr fundargerð fræðslunefndar, til afgreiðslu:

- liður 2, málsnr. 1308122 – Styrkbeiðni vegna leikrits um umferðafræðslu í skólum.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun að fjárhæð kr. 105.000 vegna verkefnisins.

Úr fundargerð bæjarráðs, til afgreiðslu:

- liður 8, málsnr. 1309119 – Beiðni um kaup á sturtustól fyrir fatlaða í Sundhöll Selfoss.

Bæjarráð samþykkir erindið og leggur til við bærstjórn að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun að fjárhæð kr. 383.000 vegna kaupa á sturtustól fyrir fatlaða í Sundhöll Selfoss.

- liður 9, málsnr. 1306033 – Beiðni um viðbótarfjárveitingu vegna Menningarmánaðarins október 2013

Bæjarráð samþykkir erindið og leggur til við bærstjórn að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun að fjárhæð kr. 600.000 vegna menningarviðburða á dagskrá Menningarmánaðarins.

2. a) 1301007

Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar	58. fundur	frá 28. ágúst
	59. fundur	frá 18. september

b) 1301008

Fundargerð félagsmálanefndar	30. fundur	frá 17. september
c) 153. fundur bæjarráðs (1301006)		frá 26. september

3. a) 154. fundur bæjarráðs (1301006) frá 3. október

4. a) 155. fundur bæjarráðs (1301006) frá 10. október

5. a) 1301011

Fundargerð íþróttá- og menningarnefndar	10. fundur	frá 9. október
---	------------	----------------

b) 1301007

Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar	60. fundur	frá 9. október
	61. fundur	frá 10. október
	62. fundur	frá 11. október

c) 1301009

Fundargerð fræðslunefndar	37. fundur	frá 10. október
---------------------------	------------	-----------------

d) 156. fundur bæjarráðs (1301006)		frá 16. október
--------------------------------------	--	-----------------

6. a) 1301010

Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar	40. fundur	frá 15. október
---	------------	-----------------

Úr fundargerð skipulags og byggingarnefndar til afgreiðslu:

- liður 33, málsnr. 1302218 – Deiliskipulagstillaga Sandvíkursetur og sundlaugar. Lagt er til við bærstjórn að tillagan verði samþykkt.
- liður 34, málsnr. 1307083 – Ósk um heimild til að auglýsa deiliskipulagsbreytingu jarðarinnar Holts. Lagt er til við bærstjórn að tillagan verði auglýst.
- liður 35, málsnr. 1302194 – Ósk um heimild til að auglýsa aðalskipulagsbreytingu í landi Nýjabæjar 3

- Lagt er til við bæjarstjórn að óskað verði eftir heimild til að auglýsa breytinguna.
- liður 36, málsnr. 1302008 - Lögð fram heimild til til að auglýsa aðalskipulagsbreytingu vegna lagningu jarðstrengs og ljósleiðara frá Selfossi til Þorlákshafnar.
Lagt er til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði auglýst og leitað verði eftir umsögnum umsagnaraðila.
- liður 37, málsnr. 1310056 – Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu að Byggðarhorni 38
Lagt er til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst.
- liður 38, málsnr. 1209098 – Fjörustígur
Skipulags og byggingarnefnd mælir með leið B og leggur til við bæjarstjórn að gildandi aðalskipulaga Árborgar verði breytt til samræmis.
- liður 1 a) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 10. september, lið 20, málsnr. 0704037 – Umferðaskipulag Árborgar.

Eyþór Arnalds, D-lista, tók til máls.

- liður 1 a) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 10. september, lið 26, 27 og 28, málsnr. 1308084, 1308038 og 1309029 - Umsóknir um stöðuleyfi.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, og Eyþór Arnalds, D-lista tóku til máls.

- liður 1 d) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 19. september, lið 10, málsnr. 1309120 – Upplýsingar og samanburður á launum karla og kvenna í sambærilegum störfum hjá Sveitarfélaginu Árborg.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri og Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tóku til máls.

- liður 1 c) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 12. september, lið 5, málsnr. 1308056 – Upplýsingartækni og skólastarf.
- liður 1 b) Fundargerð íþrótt- og menningarnefndar frá 11. september - liður 2, málsnr. 1308071 – Heimsókn Eyþórs Inga í leik- og grunnskóla Árborgar.
Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun að fjárhæð kr. 250.000 vegna verkefnisins.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 1 c) Fundargerð fræðslunefndar frá 12. september - liður 2, málsnr. 1308122 – Styrkbeiðni vegna leikrits um umferðafræðslu í skólum.
Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun að fjárhæð kr. 105.000 vegna verkefnisins.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 1 d) Fundargerð bæjarráðs frá 19. september - liður 8, málsnr. 1309119 – Beiðni um kaup á sturtustól fyrir fatlaða í Sundhöll Selfoss. Bæjarráð samþykkir erindið og leggur til við bæjarstjórn að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun að fjárhæð kr. 383.000 vegna kaupa á sturtustól fyrir fatlaða í Sundhöll Selfoss.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 1 d) Fundargerð bæjarráðs frá 19. september - liður 9, málsnr. 1306033 – Beiðni um viðbótarfjárveitingu vegna Menningarmánaðararins október 2013
Bæjarráð samþykkir erindið og leggur til við bæjarstjórn að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun að fjárhæð kr. 600.000 vegna menningarviðburða á dagskrá Menningarmánaðarins.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 2 c) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 26. september, lið 16, málsnr. 1309190 – Útboð á bankaþjónustu.
- liður 3 a) Eyþór Arnalds, D-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 3. október, lið 7, málsnr. 0611106 – Staða mála varðandi viðbyggingu við verknámshúsið Hamar.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls og lagði til að bókað yrði um verknámshús Fjölbrautaskóla Suðurlands..

Gert var fundarhlé.

Fundi var haldið áfram.

Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, lagði fram eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn Árborgar skorar á Alþingi að halda áfram með byggingu nýs verknámshúss við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Mikil þörf er á aukinni verkmenntun eins og kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Sveitarfélögin hafa þegar lagt til fjármuni til byggingar hússins og hafa vænst mótframlags ríkisins. Bæjarstjórn Árborgar krefst þess að stjórnvöld haldi áfram með verkefnið.

Eyþór Arnalds, D-lista, og Kjartan Björnsson, D-lista, tóku til máls.

- liður 3 a) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 3. október, lið 3, málsnr. 1305058 – Staða mála varðandi íbúðir Íbúðalánasjóðs.

Eyþór Arnalds, D-lista, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, tóku til máls.

- liður 4 a) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 10. október, lið 5, málsnr. 10088004 – Afgreiðsla bæjarstjórnar Ölfuss um framkvæmdaleyfisumsókn Sveitarfélagsins Árborgar vegna rannsóknarborholu í landi Árborgar í Ölfusi.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Gunnar Egilsson, D-lista, tóku til máls.

- liður 5 a) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð íþrótt- og menningarnefndar, málsnr. 1310108 - Frjálsíþróttaleikvangur á Selfossi. Þjóðarleikvangur.

Kjartan Björnsson, D-lista, og Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tóku til máls.

- liður 5 b) Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls um fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar frá 11. október, lið 1, málsnr. 1303148 – Borun á heitavatnsholu við Ósabotna í landi Stóra-Ármóts.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls.

Gunnar Egilsson þakkaði Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða og Jóni Tryggva Guðmundssyni tækni og veitustjóra fyrir góða vinnu við vatnsöflun.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls og tók undir bókun Gunnars Egilssonar.

- liður 5 a) Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls um fundargerð íþrótt- og menningarnefndar frá 9. október, lið 2, málsnr. 1309032 – Bæjar og menningarhátíðir 2014
- liður 5 a) Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls um fundargerð íþrótt- og menningarnefndar frá 9. október, lið 1, málsnr. 1306033 – Menningarmánuðurinn 2013
- liður 5 c) Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 10. október, lið 4, málsnr. 1308056 – Upplýsingartækni og skólastarf.
- liður 5 c) Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 10. október, lið 5, málsnr. 1310049 – Stjórnir foreldrafélag grunnskóla í Árborg.
- liður 5 c) Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 10. október, lið 6, málsnr. 1310052 – Samstarf FSu og fræðslusviðs Árborgar.
- liður 5 c) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 10. október, lið 1, málsnr. 1310030 – Ytra mat á Vallaskóla 2014.

Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tók til máls.

- liður 5 d) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 16. október, lið 10, málsnr. 1308004 – Erindi frá safnstjóra varðandi viðhald á húseignum Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og opnunartíma 2014

Gunnar Egilsson, D-lista, og Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tóku til máls.

- liður 5 b) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar. frá 10. október, lið 1, málsnr. 1310042 – Fjárfestingaráætlun 2014

Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls.

- liður 6 a) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 15. október.
- liður 6 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 15. október - liður 33, málsnr. 1302218 – Deiliskipulagstillaga Sandvíkursetur og sundlaugar. Lagt er til við bæjarstjórn að tillagan verði samþykkt.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 6 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 15. október - liður 34, málsnr. 1307083 – Ósk um heimild til að auglýsa deiliskipulagsbreytingu jarðarinnar Holts. Lagt er til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst.
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- liður 6 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 15. október - liður 35, málsnr. 1302194 – Ósk um heimild til að auglýsa aðalskipulagsbreytingu í landi Nýjabæjar 3. Lagt er til við bæjarstjórn að óskað verði eftir heimild til að auglýsa breytinguna.
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- liður 6 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 15. október liður 36, málsnr. 1302008 - Lögð fram heimild til til að auglýsa aðalskipulagsbreytingu vegna lagningu jarðstrengs og ljósleiðara frá Selfossi til Þorlákshafnar. Lagt er til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði auglýst og leitað verði eftir umsögnum umsagnaraðila.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, og Eypór Arnalds, D-lista, tóku til máls.

- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- liður 6 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 15. október liður 37, málsnr. 1310056 – Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu að Byggðarhorni 38. Lagt er til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst.

- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- liður 6 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 15. október liður 38, málsnr. 1209098 – Fjörustígur. Skipulags og byggingarnefnd mælir með leið B og leggur til við bæjarstjórn að gildandi aðalskipulaga Árborgar verði breytt til samræmis.
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerðirnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða að undanskildum þeim liðum sem áður höfðu verið samþykktir.

II. 1302190

Breyting á fulltrúa í undirkjörstjórn 5 (Eyrarbakki)

Lagt er til að Arnrun Sigurmundsdóttir taki sæti í undirkjörstjórn 5 á Eyrarbakka í stað Svanborgar Oddsdóttur.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

III. 1310121

Breyting á félagiformi leigubústaða

Ásta Stefánsdóttir fór yfir skipulagsskránna.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, og Eyþór Arnalds, D-lista, tóku til máls.

Lagt var til að skipulagsskráin yrði samþykkt og var það samþykkt samhljóða.

IV. 1309226

Fjárhagsáætlun 2014 – fyrri umræða

Eyþór Arnalds, D-lista, og Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri fylgdu fjárhagsáætlun 2014 úr hlaði.

Greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2014

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2014 er lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 30. október 2013. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um fjárhagsáætlun á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður seinni umræðan í bæjarstjórn 11. desember næstkomandi.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber að leggja fram fjárhagsáætlun til fyrri umræðu eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fjárhagsáætlun kann að taka einhverjum breytingum á milli umræðna og má hér geta þess að ekki liggja fyrir í fyrri umræðu endanlegar tölur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

I Inngangur

Afkoma Sveitarfélagsins Árborgar sýnir jafnvægi í rekstri og er gert ráð fyrir að hagnaður af samstæðu árið 2014 verði 99 milljónir eftir fjármagnsgjöld, afskriftir og skatta. Er því gert ráð fyrir jákvæðri afkomu fjórða árið í röð þrátt fyrir hækkandi kostnað og áframhaldandi verðbólgu. Rekstrarafgangur fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld (EBITDA) er áætlaður 907 milljónir króna og er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 718,5 milljónir króna. Litlar breytingar eru í rekstri málaflokka frá þriggja ára áætlun en þó ber að geta þess að fræðsluvið sveitarfélagsins er eftt til mikilla muna frá því sem verið hefur. Þá ber að geta þess að rekstur Leigubússtaða Árborgar er orðinn sjálfbær. Fjárfestingar eru mun meiri en síðustu ár og létt verður undir með barnafjölskyldum umfram það sem áður var áætlað í þriggja ára áætlun á föstu verðlagi.

Skuldir sveitarfélagsins eru enn miklar og verður áfram lögð áhersla á að greiða niður skuldir. Gert er ráð fyrir að greidd verði niður lán að fjárhæð 733 milljónir króna en tekin ný lán að fjárhæð 919 milljónir króna. Þá er gert ráð fyrir að nýfjárfesting verði 927 milljónir króna. Fjárfestingaráætlun er metnaðarfull með áherslu á innviði og umhverfi sveitarfélagsins. Ráðist verður í hreinsistöð í fráveitu Selfoss, byggt verður við Sundhöll Selfoss, skólahúsnæði verður bætt, lokið verður við göngustíg milli Stokkseyrar og Eyrarbakka, grettistaki verður lyft í gerð göngu- og hjólastíga og áfram verður ráðist í umtalsverðar fjárfestingar í hitaveitu sveitarfélagsins svo eitthvað sé nefnt. Þrátt fyrir þessa umtalsverðu nýfjárfestingu lækka lán að raunvirði og er svo komið að skuldahlutfall verður komið í 143 % samkvæmt viðmiðum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Álögur hækka ekki að raunvirði en eru almennt leiðréttar með tilliti til verðlagsbreytinga og tilkostnaðar. Áhersla er á að lækka gjöld og álögur á barnafólk og heimili að raungildi. Fasteignaskattsprósentan er lækkuð þriðja árið í röð og fer úr 0,3% í 0,275% af fasteignamati íbúða. Er hér aftur stigið markvisst skref í átt til þess að gera fasteignagjöld sveitarfélagsins samkeppnishæf. Hvatagreiðslur til barna og ungmenna 5-17 ára hækka um 50%, fer úr 10.000 kr. í 15.000 kr. Niðurgreiðsla dagvistunargjalda hjá dagforeldrum hækkar um 20%, fer úr 25.000 kr. í 30.000 kr. Áfram verður frítt í sund fyrir börn, unglina og eldri borgara sem búa í sveitarfélaginu og verða gefin út sérstök íbúakort í því sambandi. Frítt verður fyrir börn og unglina í strætó innan sveitarfélagsins og hefur verið gert sérstakt samkomulag við Strætó BS um það. Fjármagn verður sett í atvinnuáttak fyrir 17-20 ára sumarið 2014 og svo mætti lengi telja. Allt þetta leggur grunn að góðum og heilbrigðum vexti með uppbyggingu fyrir framtíðina. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 hefur verið unnin í góðri samvinnu milli bæjarfulltrúa og stjórnenda sem og í fagnefndum sveitarfélagsins. Fjárfestingaráætlun var unnin af framkvæmda og veitustjórn. Ber að þakka það óeigingjarna starf sem hér hefur verið unnið.

II Forsendur fjárhagsáætlunar 2014

Eftirfarandi forsendur liggja til grundvallar fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 :

1. Útsvar :
Útsvar fyrir árið 2014 verði 14,48 %
2. Verðlag :
Verðbólga 3,0%
3. Aðrar forsendur :
Íbúafjöldi : Gert er ráð fyrir fjölgun íbúa sem nemur 1% á ári.
4. Fasteignagjöld :
Fasteignagjöld fyrir árið 2014 verði lögð á sem hér segir :
 - a. Fasteignaskattur
 - i. A - flokkur Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 0,275% af heildar fasteignamati.
 - ii. B – flokkur Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,32% af heildar fasteignamati.
 - iii. C – flokkur Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eignum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,65% af heildar fasteignamati.

Sérstakur afsláttur er veittur af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega, sjá lið 5 hér að neðan.
 - b. Lóðarleiga
 - i. Almenn lóðarleiga verði 1,0% af fasteignamati lóðar.
 - ii. Lóðarleiga ræktunarlands verði 3,0% af fasteignamati lóðar.
 - c. Vatnsgjald
 - i. Vatnsgjald á íbúðarhúsnæði verði 0,1961% af heildar fasteignamati eignar.
 - ii. Aukavatnsskattur verði lagður á atvinnuhúsnæði samkvæmt mæli og leggst á m³ notkun. Grunnur gjaldsins er 17,8 kr. á m³ miðað við grunnvísitölu september mánaðar 2007. Gjaldið uppreiknast á hverjum gjalddaga.
 - d. Fráveitugjald
 - i. Fráveitugjald er 0,3172% af heildarfasteignamati eignar.
 - ii. Gjald fyrir hreinsun rotþróa verður skv. gildandi gjaldskrá.
 - e. Sorphirðugjald
 - i. Íbúðarhúsnæði

Á grundvelli laga nr. 7/1998 er sorphirðugjald lagt á hverja íbúð. Sorphirðugjald fyrir íbúðir skal vera sem hér greinir :

	120 lítra tunna	240 lítra tunna
Gjaldtegund :		
Sorphreinsunargjald (kr/ár)	16.445	16.445
Sorpeyðingargjald (kr/ár)	11.655	18.835
Samtals (kr/ár)	28.100	35.280

ii. Sumarhús

Heimild er að veita 50% afslátt frá sorphirðugjaldi íbúðarhúsnæðis. Gjald dagar fasteignagjalda verði 10 talsins, þeir eru: 1.febrúar, 1.mars, 1.apríl, 1.maí, 1.júní, 1.júlí, 1.ágúst, 1.september, 1.október og 1.nóvember. Eindagi er 30 dögum síðar.


5. Afslættir

a. Sérstakur afsláttur fyrir elli- og örorkulífeyrisþega verður veittur við álagningu fasteignaskatts og fráveitugjalds á íbúðarhúsnæði skv. reglum þar um.

b. Veittir verði afslættir til félaga sem starfa að menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundarstarfsemi eða vinna að mannúðarstörfum og reka eigið húsnæði eða leigja til lengri tíma en eins árs fyrir starfsemina skv. reglum þar um.

III Rekstur málaflokka og helstu fjárhagslegar breytingar einstakra málaflokka milli árána 2013 og 2014

Á myndinni hér að neðan má sjá hlutfall málaflokka af skatttekjum árið 2014 :



Fræðslu- og uppeldismál eru sem fyrr langstærsti málaflokkurinn en útgjöld fræðslumála nema 55,88% af skatttekjum ársins 2014. Félagsþjónustan er með 16,72%, æskulýðs- og íþróttamál eru með 11,60% og umferðar- og samgöngumál eru með 4,65%. Sameiginlegur kostnaður nemur 4,23% af skatttekjum en undir þennan málaflokk falla nefndir og ráð, rekstur bæjarskrifstofu og tölvu- og upplýsingamál fyrir allar stofnanir.

00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að skatttekjur á árinu 2014 verði 293 millj.kr. hærri en á árinu 2013. Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2013, tekið er tillit til almennra launabreytinga og gert er ráð fyrir 1% íbúaaukningu. Útsvar hækkar því um 193,6 millj.kr. milli ára.

Stofn til útreiknings fasteignagjalda sem innheimt eru á árinu 2014 miðast við fasteignamat eigna sem birt var í sumarbyrjun 2013. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki, á íbúðarhúsnæði, lækkar úr 0,3% í 0,275% en aðrir flokkar eru óbreyttir. Fasteignaskattar hækka um 6 millj.kr. Lóðarleiga hækkar um 4,9 millj.kr.

Áætlað er að framlög frá Jöfnunarsjóði hækki um 88,5 millj.kr. frá áætlun 2013. Ekki er komin áætlun frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um greiðslur allra framlaga fyrir árið 2014. Áætlun þessi byggir því að hluta á framlögum ársins 2013. Rekstrarframlag grunnskóla hækkar um 5,6 millj.kr. Framlag vegna lækkunar fasteignaskatts hækkar um 2,1 millj.kr. Tekjujöfnunarframlag hækkar um 48,7 millj.kr.milli ára. Framlag vegna nýbúa lækkar um 3 millj.kr. milli ára. Framlag vegna yfirtöku á málefnum fatlaðs fólks hækkar um 35,1 millj.kr. Önnur framlög breytast ekki milli ára.

02 Félagsþjónusta

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 57 millj.kr. milli ára. Framlag vegna fjárhagsaðstoðar lækkar um 2,7 millj.kr. milli ára en jafnframt er bætt við virkniúrreði fyrir 16-18 ára samtals 7 millj.kr. Framlag til félagslegrar heimaþjónustu hækkar um 7,6 millj.kr. milli ára og skýrist m.a. af nýráðningu starfsmanns í stöðu húsvarðar og yfirmanns vaktar ásamt hækkun á ræstingu og hækkun á grunnþjónustu vegna málefna fatlaðs fólks. Framlag vegna húsaleigubóta hækkar um 9 millj.kr. milli ára vegna aukins fjölda bótaþega. Framlag vegna Vallholts 12-14 hækkar um 9,9 millj.kr. sem má rekja til vanáætlunar á launum 2013. Framlag vegna þjónustumiðstöðvar Álftarima hækka um 15,3 millj.kr.sem má rekja til innri leigu sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun 2013 samtals 2,8 millj.kr. og NPA samninga samtals 12 millj.kr. Aðrar deildir ýmist hækka eða lækka lítillega milli ára.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 122,5 millj.kr. milli ára. Hækkun á innri leigu í málaflokknum nemur 17,4 millj.kr. Vöru- og þjónustukaup aukast um 17,9 millj.kr. milli ára. Framlög til allra leikskólanna hækka á milli ára en mismikið þó. Framlög til grunnskólanna þriggja hækka einnig á milli ára en mismikið. Mest er hækkunin til Sunnulækjarskóla sem rekja má til fjölgunar nemenda. Gert er ráð fyrir 10 millj.kr. kostnaði vegna uppgjörs vegna slita Skólaskrifstofu Suðurlands en óvissa er enn um þann lið í áætluninni. Skrifstofa fræðslumála er efld til muna með tilkomu nýrra ráðgjafa skólaþjónustunnar en ekki er um kostnaðarauka að ræða þar sem breytingin er einkum tilfærsla á fjármunum innan málaflokksins.

05 Menningarmál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 15,2 millj.kr. milli ára. Framlag til bókasafnsins á Selfossi hækkar um 2,5 millj.kr. sem rekja má til hækkunar á innri leigu og aukins launakostnaðar. Framlag til stofnana Héraðsnefndar Árnassýslu hækkar um 5,7 millj.kr. Framlag vegna hátíðarhalda hækkar um 4,5 millj.kr. Ný deild bætist í þennan málaflokk, Mjólkuriðnaðarsafn upp á 3,2 millj.kr. Aðrir liðir breytast lítillega á milli ára.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 30 millj.kr. milli ára. Framlag til Sundhallar Selfoss eykst um 7,3 millj.kr. sem má rekja til aukins viðhalds á tækjabúnaði og hækkunar á innri leigu. Reiknaðir styrkir til íþrótt- og æskulýðsfélaga hækka um 33,3 millj.kr. í formi reiknaðra afnota í sundlaugum og íþróttahúsum sem rekja má til aukins launakostnaðar og hækkunar á innri leigu. Hvatagreiðslur til barna og ungmenna 5-17 ára hækkar úr 10.000 kr. í 15.000 kr. árið 2014. Aðrir liðir ýmist hækka eða lækka milli ára.

07 Bruna- og almannavarnir

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 11,4 millj.kr. milli ára sem rekja má til hækkunar á framlagi til Brunavarna Árnassýslu.

08 Hreinlætismál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 3 millj.kr. milli ára. Þjónustukaup hækka um 5,3 millj.kr. Innri leiga hækkar um 2,4 millj.kr. Tekjur vegna sorphirðugjalda hækka á milli ára.

09 Skipulags- og byggingamál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 37,3 millj.kr. milli ára. Hækkunina má að mestu rekja til aukningar á innri leigu vegna eigin lóða og lendna auk hækkunar á fasteignagjöldum.

10 Umferðar- og samgöngumál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 9,2 millj.kr. milli ára. Viðhald gatna hækkar um 4,6 millj.kr. og götulýsing hækkar um 4,3 millj.kr. Aðrir liðir breytast lítillega milli ára.

11 Umhverfismál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 21,7 millj.kr. milli ára. Vöru- og þjónustukaup hækka um 22,2 millj.kr. í málaflokki sem að mestu má rekja til aukningar hjá Vinnuskóla Árborgar en kostnaði vegna hans er deilt að stórum hluta út á þennan málaflokk.

13 Atvinnumál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 2,9 millj.kr. milli ára. Framlag til Upplýsingamiðstöðvar ferðamála hækkar um 840 þús.kr. og innri leiga vegna tjaldsvæði hækkar um 2,4 millj.kr.

21 Sameiginlegur kostnaður

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 1 millj.kr. milli ára. Kostnaður vegna sveitarstjórnarkosninga leggst til á næsta ári 5 millj.kr. og aðrar deildir ýmist hækka eða lækka lítillega milli ára.

IV Nokkrar lykiltölur

Rekstur :

Fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir til fyrri umræðu gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar án afskrifta og fjármagnliða sé jákvæð um 907,2 millj.kr. Afskriftir eru áætlaðar 428,4 millj.kr., fjármagnskostnaður nettó er áætlaður 377 millj.kr. Tekjuskattur vegna Selfossveitna reiknast 3 millj.kr. Heildarniðurstaða samstæðunnar er því jákvæð um 99 millj.kr.

Áætlunin gerir ráð fyrir að samanlagðar tekjur A og B hluta verði 6.307 millj.kr. á árinu 2014. Hlutur skatttekna (útsvar, fasteignagjöld og Jöfnunarsjóður) í samanlögðum tekjum í A-hluta er 4.590 millj.kr. eða 86,6%

Samkvæmt áætluninni þá verða skatttekjur (útsvar, Jöfnunarsjóður og fasteignaskattur) á íbúa 575 þús.kr. og heildareignir á íbúa verða 1.642 þús.kr.

Veltufé samstæðunnar frá rekstri er áætlað 718,5 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 733,1 millj.kr. Heildarlaunakostnaður er áætlaður 3.100 millj.kr. sem er 49,15% af heildartekjum og 67,5% af skatttekjum en sveitarfélagið er stór vinnuveitandi með um 691 starfsmenn í 503 stöðugildum. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður um 2.300 millj.kr.

Fjárfestingar :

Fjárfestingar ársins eru áætlaðar 926,7 millj.kr. Áætlað er að selja rekstrarfjármuni fyrir 40 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 733,1 millj.kr. og nýjar lántökur eru áætlaðar 918,7 millj.kr. Í töflunni hér að neðan má sjá skiptingu helstu framkvæmda á málaflokka

Helstu framkvæmdir og fjárfestingar árið 2014		
Eignasjóður:		
Íþróttavöllur við Engjaveg		11.000.000 kr.
Gámavæði við Víkurheiði		12.000.000 kr.
Sundhöll Selfoss		8.000.000 kr.
Vallaskóli		31.000.000 kr.
Íþróttahús Stokkseyri		6.500.000 kr.
Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri		36.500.000 kr.
Sandvíkursetur		10.000.000 kr.
Gatnagerð		118.000.000 kr.
Þjónustustöð:		
Tækja- og bílakaup		16.000.000 kr.
Fasteignafélag Árborgar slf.:		
Sunnulækjarskóli		61.500.000 kr.
BES Stokkseyri		7.200.000 kr.
Viðbygging við Sundhöll Selfoss		150.000.000 kr.
Fráveita:		229.400.000 kr.
Vatnsveita:		51.200.000 kr.
Selfossveitur:		129.100.000 kr.

V Lokaorð

Rekstur sveitarfélagsins er í góðu jafnvægi og sjálfbær. Tekist hefur að lækka álögur á íbúa og nú er framundan vaxtarskeið með íbúafjölgun og bættri þjónustu á öllum sviðum. Ný hverfi eru að byggjast upp, þjónustuframboð hefur stóraukist og fjárfestingar sveitarfélagsins tryggja að Sveitarfélagið Árborg verði í fremstu röð sem ákjósanlegur búsetukostur fólks á öllum aldri. Fyrirtæki á borð við MS og SS hafa fjárfest í fyrirtækjum sínum í sveitarfélaginu og er það góð vísending um bjarta framtíð. Sveitarfélagið hefur stutt við nýsköpun fyrirtækja á ýmsum sviðum og er mikil gróska í verslun, þjónustu og

ferðamennsku. Opnað verður mjólkuriðnaðarsafn á næsta ári og lokið við deiliskipulag á Austurvegi sem styrkir miðbæjarskipulag Selfoss. Þá verður lokið við miðbæjarskipulag á Eyrarbakka og haldið áfram uppbygginu á gömlum grunni. Þá er stefnt að því að göngu- og hjólastígur verði lagður frá Selfossi til Eyrarbakka ásamt nýjum jarðstreng sem stórbætir afhendingaröryggi og afkastagetu raforku í sveitarfélaginu. Ljósnets- og ljósleiðaravæðing heldur áfram af krafti og fleiri aðilar bætast við í ferðaþjónustu. Framundan eru því ótal tækifæri fyrir sveitarfélagið og íbúa þess, enda er vöxtur í verslun, þjónustu, ferðamennsku og öðrum vaxtarsprotum ásamt því að sveitarfélagið er hjarta landbúnaðarsvæðis Suðurlands og tengipunktur gestkomandi og búandi fólks á öllum aldri.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórnarfundur 30.október 2013. Bókun við framlagningu fjárhagsáætlunar.

Allt kjörtímabilið, sem senn er á enda, hefur undirritaður leitast við að vinna sem kjörinn fulltrúi með hagsmuni sveitarfélagsins og íbúa þess að leiðarljósi. Þar hefur ekki verið horft á hvaða flokksskírteini einstaka bæjarfulltrúar hafa uppá vasann, eða hverjir mynda hinn „svokallaða“ meirihluta í sveitarfélaginu. Miklu frekar að vinna að heilindum að öllum góðum málum með sameiginlega hagsmuni okkar allra sem búum þetta samfélag hér. Þannig hef ég líka litið á að aðrir bæjarfulltrúar hugsi og vinni eftir.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir ári síðan, fyrir árið 2013, var því öllum bæjarfulltrúum boðið að koma að vinnu við fjárhagsáætlunargerðina að einhverju leiti og voru það góðir fundir þar sem málin voru rædd og margar sameiginlegar ákvarðanir teknar. Enda var fjárhagsáætlun þessa árs samþykkt samhljóða í bæjarstjórn fyrir ári síðan.

Það er því sorglegt og leitt til þess að hugsa, að allt tal á tyllidögum, um vilja til samráðs og samvinnu, skuli ekki hafa verið viðhaft, hjá Sjálfstæðismönnum í Svf. Árborg, við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2014. Undirrituðum hefur ekki verið boðið á neinn einasta fund við undirbúning og gerð áætlunarinnar, aðeins verið boðið með sólarhrings fyrirvara á fund þar sem fara átti yfir, þá þegar gerða, áætlun Sjálfstæðismanna. Þetta þykir mér miður og hafði vonað að þroski og samvinna manna væri meiri.

Þar sem ég hef aðeins haft áætlunina í höndunum í tvo daga, eftir að hún var send út með fundargögnum, mun ég ekki taka afstöðu til hennar við fyrri umræðu um hana hér í dag. Áskil mér því allan rétt til að fara yfir hana betur og koma með ábendingar og óskir um breytingar fyrir seinni umræðu hennar.

Um leið og fjárhagsáætlunin er lögð fram óska ég eftir fá afhentar eftirfarandi upplýsingar sem fyrst, eða eigi síðar en 4.nóvember nk.

Upplýsingar um allar gjaldskrárhækkanir/lækkanir, í prósentum og krónutölu. Ásamt samanburði við núverandi gjaldskrár.

Upplýsingar um áhrif gjaldskrárhækkana/lækkana á fjárhag sveitarfélagsins. Heildartölur í hverjum flokki.

Allar fjárhagsáætlanir og óskir um fjárfestingu, sem sviðstjórar og forstöðumenn sveitarfélagsins, hafa skilað inn til yfirstjórnar við undirbúning og gerð fjárhagsáætlunar.

Allar aðrar forsendur sem unnið hefur verið eftir við gerð fjárhagsáætlunar.

Helgi Sigurður Haraldsson bæjarfulltrúi B-lista.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista tók til máls og tók undir bókun Helga S. Haraldssonar ásamt því að leggja fram eftirfarandi bókun:

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 kusu bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins að vinna áætlunina einir og án nokkurrar aðkomu bæjarfulltrúa minnihlutans. Það á þó ekki við um vinnu við gerð fjárfestingaráætlunar, þar sem góð samvinna var í framkvæmda og veitustjórn við gerð fjárfestingaráætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2014. Svo virðist sem sú nefnd hafi verið eina fagnefnd sveitarfélagsins sem hafði eðlilega aðkomu að fjárhagsáætlunargerð síns málaflokks. Þetta eru gamaldags vinnubrögð og í engu samræmi við fögur fyrirheit meirihlutans um samstarf þvert á flokka í bæjarstjórn. Slík vinnubrögð eru á engan hátt til þess fallin að ná fram bestum mögulegum árangri í rekstri sveitarfélagsins. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar munu skoða fjárhagsáætlunina vel á milli fyrri og seinni umræðu og leggja fram breytingartillögur eftir því sem efni standa til.

Arna Ír Gunnarsdóttir S-lista
Eggert Valur Guðmundsson S-lista.

Eyþór Arnalds, D-lista, Þórdís Eygló Sigurðardóttir, V-lista, Helgi S. Haraldsson, B-lista, Ari Björn Thorarensen D-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Gunnar Egilsson, D-lista, tóku til máls.

Lagt var til að fjárhagsáætlun 2014 yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.

V. 1310119

Fjárhagsáætlun 2015 – 2017 - fyrri umræða

Eyþór Arnalds, D-lista, og Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri fylgdu fjárhagsáætlun 2015 - 2017 úr hlaði.

Greinargerð með 3ja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2015 - 2017

Hér er lögð fram í bæjarstjórn Árborgar þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árin 2015 – 2017

Þriggja ára áætlun er ekki staðfest fjárhagsáætlun fyrir árin 2015-2017 heldur yfirlit yfir það sem er á dagskrá þessi ár. Við fjárhagsáætlanagerð hvers árs fer fram nánari

útfærsla á þriggja ára áætlun miðað við þær forsendur sem þá liggja fyrir og því geta fjárhæðir og framkvæmdahraði vegna einstakra verkefna breyst frá því sem fram kemur í þriggja ára áætlun hverju sinni.

Samkvæmt lögum fer þriggja ára áætlun í tvær umræður í bæjarstjórn. Áætlunin sem nú liggur fyrir getur því tekið breytingum milli umræðna en seinni umræða er áætluð þann 11. desember næstkomandi.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

Stefnumörkun

Fyrir liggur til fyrri umræðu fjórða 3ja ára áætlun sem sett er fram á þessu kjörtímabili. Til grundvallar henni liggur fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 en jafnframt er byggt á þriggja ára áætlun 2014-2016 ekki síst hvað varðar málaflokka og álögur. Fjárfestingar eru meiri en áður var ráð fyrir gert. Gert er ráð fyrir að byggja á þeim grunni og þeim breytingum sem fyrir liggja og halda áfram á sömu braut. Fjárfestingar eru með áherslu á innviði og umhverfi. Gert er ráð fyrir að nýfjárfestingar verði ríflega 2,1 milljarður króna á tímabilinu.

Ýmsir óvissuþættir eru í umhverfi sveitarfélaga um þessar mundir og er því mikilvægt að fara varlega. Má hér nefna reglur og lagasetningu ríkisins, ástand á vinnumarkaði sem er ótryggt, launaþróun og yfirfærslu málaflokka frá ríki til sveitarfélaga. Má segja að þessi áætlun sé í góðu jafnvægi. Uppbygging og endurbætur mannvirkja setja svip sinn á áætlunina enda skilar slík fjárfesting sér með því að laða að íbúa til búsetu, náms og starfa í sveitarfélaginu.

Helstu forsendur áætlunar 2015 – 2017

Til að unnt sé að setja fram áætlunina hafa ákveðnar forsendur verið lagðar til grundvallar. Þriggja ára áætlun er byggð á áætlun ársins 2014 og er á föstu verðlagi og föstu gengi.

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri allra málaflokka næstu 3 árin.

Íbúapróun

Í áætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir fjölgun íbúa sem nemur 1% á ári og í þriggja ára áætlun er gert slíkt hið sama.

Skatttekjur

Áætlað er að skatttekjur hækki um 1% á ári næstu þrjú árin. Áætluð hækkun tekur mið af opinberum spám um hækkun útsvars vegna aukinna atvinnutekna í kjölfar jákvæðs hagvaxtar, fjölgun íbúa og minnkandi atvinnuleysis.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Gert er ráð fyrir hækkun á framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur 1% á ári næstu þrjú árin.

Fasteignaskattur

Gert er ráð fyrir óbreyttum fasteignaskatti frá árinu 2014 árin 2015 – 2017.

Þjónustutekjur

Ekki er gert ráð fyrir hækkun á gjaldskrár vegna þjónustu sveitarfélagsins í áætluninni.

Laun

Áætlun launa og launatengdra gjalda er byggð á launaáætlun ársins 2014.

Rekstrarkostnaður

Áætlun rekstrarkostnaðar er byggð á áætlun ársins 2014.

Helstu niðurstöður áætlunar 2014 - 2017

Samantekinn A og B hluti	Fjárhæðir í þús.kr.			
	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017
Rekstrarreikningur				
Tekjur	6.307.291	6.348.457	6.389.014	6.435.817
Gjöld	-5.828.440	-5.784.212	-5.798.406	-5.798.678
Fjármagnsliðir	-376.965	-434.434	-459.237	-471.031
Tekjuskattur	-3.046	-1.117	0	0
Rekstrarniðurstaða	98.840	128.694	131.371	166.109
Efnahagsreikningur				
Eignir	13.105.992	13.449.108	13.601.149	13.769.488
Eigið fé	3.606.612	3.623.573	3.643.210	3.697.586
Skuldir	9.499.380	9.825.535	9.957.939	10.071.902
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	718.559	794.468	824.581	862.915
Fjárfestingar	-926.740	-811.580	-656.000	-662.000
Ný langtímalán	918.700	905.500	784.000	765.000

Eins og sjá má í töflunni hér að ofan er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar verði jákvæð öll árin. Veltufé frá rekstri er jákvætt og hækkar jafnt og þétt á tímabilinu.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru reiknaðir miðað við þau vaxtakjör sem sveitarfélagið býr við. Eins og fyrr segir er áætlunin gerð á föstu verðlagi með þeirri undantekningu þó að við útreikning á fjármagnskostnaði er gert ráð fyrir hækkun vísitölu um 3% á ári.

Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir fjárfestingum fyrir 811,5 millj.kr. árið 2015, 656 millj.kr. árið 2016 og 662 millj.kr. árið 2017.

Lántökur

Ný langtímalán á árunum 2015 -2017 eru áætluð 2.454 millj.kr. en niðurgreiðslur eldri lána eru áætlaðar á sama tímabili 2.537 millj.kr.

Lokaorð

Gott vinnulag í áætlanagerð fyrir einstök ár er undirstaða þessarar áætlunar. Byggt er á fyrri áætlunum og eru helstu breytingar í fjárfestingaráætlun sem unnin var ítarlega af framkvæmda- og veitustjórn. Gott samstarf hefur verið í fagnefndum sveitarfélagsins og milli bæjarfulltrúa og stjórnenda. Ber að þakka það góða starf sem ekki er sjálfsagt. Reynt er að forgangsraða fjárfestingum og dreifa þeim skynsamlega yfir tímabilið. Fyrir fjórum árum síðan voru skuldir og skuldbindingar um 206% af tekjum sveitarfélagsins. Árið 2014 er stefnt að því að skuldahlutfall sveitarfélagsins verði komið í 143% af árstekjum eins og það er reiknað samkvæmt viðmiðum Innanríkisráðuneytisins. Það er mikið grettistak að ná tókum á og minnka slíka skuldastöðu á sama tíma og við lækkum álögur á barnafólk og heimili og tókum í fang fjárfestingarverkefni sem þurfa úrlausnar við. Rétt er að þakka starfsmönnum og íbúum fyrir gott samstarf og skilning á erfiðum viðfangsefnum sveitarfélagsins okkar. Framtíð sveitarfélagsins er björt og vaxtar- og þróunarmöguleikar með því besta sem þekkist. Traustur fjárhagsgrunnur er hér lykill að uppbyggingu öllum til heilla.

Lagt var til að fjárhagsáætlun 2015 - 2017 yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.

VI. 1310040

Tillaga að breytingu á gjaldskrá Selfossveitna 2014 – fyrri umræða

Lagt er til að vísa gjaldskránni til framkvæmda- og veitustjórnar. Var það samþykkt samhljóða.

- VII. 1310122**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir skólavistun í Árborg 2014 – fyrri umræða
Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.
- VIII. 1310123**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir leikskóla í Árborg 2014 – fyrri umræða
Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.
- IX. 1310124**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir mat í leikskólum í Árborg 2014 – fyrri umræða
Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.
- X. 1310126**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir skólamat í grunnskólum í Árborg 2014 – fyrri umræða
Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.
- XI. 1310127**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir hundahald í Árborg 2014 – fyrri umræða
Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.
- XII. 1310128**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir kattahald í Árborg 2014 – fyrri umræða
Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.
- XIII. 1310129**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir sundlaugar í Árborg 2014 – fyrri umræða
Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.
- XIV. 1310130**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir bókasöfn í Árborg 2014 – fyrri umræða
Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.
- XV. 1310155**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu – fyrri umræða
Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.
- XVI. 1310156**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir leigubílaakstur aldraðra – fyrri umræða

Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.

XVII. 1310157

Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir ferðaþjónustu fatlaðra – fyrri umræða

Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.

XVIII. 1310158

Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir Frístundaklúbbinn – fyrri umræða

Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.

XIX. 1310159

Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir Grænumörk – fyrri umræða

Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.

XX. 1310164

Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir talþjálfun leik- og grunnskólabarna – fyrri umræða

Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.

XXI. 1310169

Tillaga að breytingu á gjaldskrá vegna afnota á skólahúsnæði – fyrri umræða

Lagt var til að gjaldskránni yrði vísað til síðari umræðu. Var það samþykkt samhljóða.

XXII. 1310170

Tillaga að breytingu á gjaldskrá vegna fráveitu (rotþró) – fyrri umræða

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Eyþór Arnalds, D-lista, Helgi S. Haraldsson, B-lista, og Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar tóku til máls.

Lagt var til að vísa gjaldskránni til framkvæmda- og veitustjórnar.

Var það samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundargerðin lesin upp og fundi slitið kl. 19:30

Eyþór Arnalds
Ari Björn Thorarensen
Kjartan Björnsson
Eggert Valur Guðmundsson
Þórdís Eygló Sigurðardóttir
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari

Sandra Dís Hafþórsdóttir
Gunnar Egilsson
Helgi Sigurður Haraldsson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri